

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Múlaþingi.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Lagarás 21-39 á norðvestursvæði Egilsstaða.*

Heimastjórn Fljótisdalshéraðs samþykkti þann 16. ágúst 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir norðvestursvæði Egilsstaða.

Breytingin felst í því að skilmálum fyrir núverandi sambýlishúsalóð við Lagarás 21-33 er breytt úr tveggja hæða húsi í raðhús á einni hæð með allt að 10 íbúðum. Jafnframt felur breytingin í sér stækkun á byggingarreit, lengingu á lóðarmörkum til norðurs um u.þ.b. 3 m og tilfærslu göngustígs út fyrir lóðarmörk. Enn fremur er lóð fyrir spennistöð við Lagarás 37 felld út.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Egilsstöðum, 19. ágúst 2021.*

**María Markúsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. september 2021